

skálda um list Kjarvals, sem ósjaldan geta alls ekki staðigt í raun og á köflum virðast stíllæfingar einvörðungu. Hóflægir og skilmerkilegir textar skila sér ólíkt betur í slíkum tilvikum en hitt.

Pá vakti það undrun mína, að eingöngu er vitnað til ummæla og skrifa skálda og listfræðinga er ritað hafa um Kjarval bækur, en í engu er vísað til skilgreininga gagnrýnenda fyrr og nú — en þeir hafa fjölmargir ritað um Kjarval, innlendir sem útlendir. En hér er allt fyrst og framtak, sem er til mikilla bóta, skal metið að verðleikum. Þetta gefur hugmynd um, að snjallt yrði að gefa út bók um lífsferil Karvals í líku sniði og t.d. bókina um Siri Derkert, sænsku listakonuna. Formið er ekki ósvipað en ritmálið eru vel ritaðar, ófgalaugar og óskáldlegar heimildir er allir geta melt. Enda selst bókinn upp á augabragði. Slík bók um Kjarval í ennþá fullkomnara formi væri að minni hyggju vænlegasta kynning á manninum og list hans sem hugsagt getur og mundi væntanlega rjúka út á Norðurlöndum og jafnvel víðar. Ég veit það ósköp vel, að menn þyrstir í upplýsingar um íslenska myndlist erlendis og ris íslenzkrar listar yrði stórum meira ef við réðum bót á þessum þorsta. Í skynsamlegri mynd, þ.e. án þeirrar yfirþyrmandi hlutdrægni, sem við erum þekktir fyrir í þessum málum og útlendum líkar miður.

Í gefnu formi er sýningin sett upp sem skólabókardæmi fyrir þá er fátt vita um Kjarval og þróunarferil hans og þeir eru vissulega margir hérlendis — einkum meðal ungu kynslóðarinnar. Þá er sýningin í þessu formi og með nokkrum viðauka vel til þess fallin að fara á flakk innan lands sem utan — hafa erlendir enda þegar sýnt áhuga á slíkri framkvæmd í heimalöndum sínum.

Dregið saman í hnotskurn, þá er þetta mjög áhugaverð sýning, sem fólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara og gefa sér drjúgan tíma til að skoða verkin og sýninguna í heild. Uppsetningin er athyglisverð, einkum hvað teikningar áhrærir, en hér var Kjarval í essinu sínu sem „artisti“ og vann myndirnar á margvíslegan hátt eftir því hvað hann hafði handanna á milli hverju sinni — slíkt er aðal sannra myndlistarmanna. Jafnvel salernispappír er fágæti ef annað er ekki við hendina er andinn kemur yfir þá ... Að lokum ber að þakka öllum er hér lögðu hug og hönd að.

Bragi Ásgeirsson

Sumarferð Fríkirkjunnar

SUMARFERÐ Fríkirkjunnar verður að þessu sinni farin sunnudaginn 4. júlí, og verður lagt upp frá kirkjunni kl. 9 að morgni.

Ekið verður austur um sveitir og undir Eyjafjöll, þar sem hádegisverður mun snæddur að Eddu-hotelinu í Skógum. Komið verður við hjá Skógafossi, byggðasafnið í Skógum skoðað, og síðan ekið að upptökum Jökulsár á Sólheimasandi. Í bakaleiðinni verður ekið um Fljótshlíð.

Stoppað verður á ýmsum athyglisverðum stöðum og síðdegiskaffi drukkið einhvers staðar úti í náttúrunni. Er fólk því beðið að hafa með sér kaffi eða gosdrykki og nestisbita.


Fargjaldi verður stillt í hóf eins og hægt er. Farseðlar verða seldir í versluninni Brynju á Laugavegi.

(Fréttatilkynning frá Fríkirkjunni.)

Reykjalundi gefið þrekpróf-unarhjól

301.NÝLEGA gaf Lionsklúbbur Kjalarnesþings Reykjalundi þrekpróf-unarhjól, sem notað verður við töku álagshjartalínurita og við þjálfum hjartasjúklinga. Verðmæti þessa tækis með söluskatti er um 60 þúsund krónur.


Hjólið er búið tölva, sem ýmist velur sjálf æfingaprógram fyrir viðkomandi eða gerir kleift að stýra vinnuálaginu mjög nákvæmlega. Bráðlega verður aðstæða til þjálfunar hjartasjúklinga formlega tekin í notkun að Reykjalundi.




Frá afhendingu þrekpróf-unarhjólans. Á myndinni eru: Karl Friðrik Kristjánsson formaður Hjarta- og æðaverndarfélags Reykjavíkur, Friðrik Sveinsson héraðslæknir, Kári Sigurbjörgsson læknir, Guðmundur Sigþórsson, Pengill Oddsson læknir, Herberg Kristjánsson, Bernharð Lonn, Páll Vígmundsson, Ingimundur Eymundsson, Ólafur Bjarnason, Magnús Sigsteinsson formaður Lionsklúbbs Kjalarnesþings, Björn Ásmundsson framkvæmdastjóri Reykjalundar og Magnús Einarsson læknir.

GALANT


GLÆSIVAGN Á GÓÐU VERÐI



Mjög sparneytin og þýðgeng 1600 cc eða 2000 cc vél.



Veltistýri.



Aðalljós með innbyggðum þokuljósum.



Stillanleg fram- og aftursæti.

Komið, skoðið og reynsluakið

SÁ BESTI FRÁ JAPAN

HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Sími 21240

